



Minnisblað

Dags.: 2023-11-10

Frá: Ragnar Guðmundsson
Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Tillaga að gjaldskrárbreytingu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps

Gjaldskrár hitaveitna í einkaleyfisrekstri lúta að reglum 947/215¹ um staðfestingu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Greina þarf fyrir ástæðum á breytingum á gjaldskrá til Orkustofnunar sem veitir í kjölfarið umsögn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þetta ferli tekur töluverðan tíma og því mikilvægt að taka breytingar á gjaldskrá hitaveitunnar fyrir tímanlega svo hún geti tekið gildi um áramót.

Í töflu 1 má sjá gjaldskrár jaðarveitna í og í grennd við sveitarfélagið bornar saman við gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Tekjur veitunnar koma um 60% frá notendum með hemla og 40% frá notendum með mæla ef frá er talin notkun Sundlaugarinnar á Borg.

Tafla 1: Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, Veitna, Bláskógaveitna og Selfossveitna. Allar tölur án vsk.

Gjaldliður	GOGG	Bláskógaveita	Veitur	Selfossveitur
Hemill DN 15	3.340	3.437	4.206	3.556
Fast gjald	1.520	1.363	-	2.364
Mælir notkun (m ³)	151,7	127,6	224,6	153,7
Mælir fast gjald	1.520	1.363	1.931	1.682
Tengigjald	811.647	824.449	798.748	887.228

Tafla 2: Tekjur af hemlatengingu vegna lágmarksstillingu upp á 3 l/mínútu ásamt hlutfallslegum mismun m.v. Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Einnig er borin saman rúmmetragjald hitaveitnanna. Allar tölur án vsk.

Veituaðili	Tekjur vegna hemla 3 l/m	Mismunur	Rúmmetragjald	Mismunur
Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps	138.480 kr		152 kr	
Bláskógaveita	140.087 kr	1,16%	128 kr	-15,89%
Veitur	151.413 kr	9,34%	225 kr	48,06%
Selfossveitur	156.377 kr	12,92%	154 kr	1,32%

Miklar framkvæmdir eru framundan hjá Hitaveitunni á næsta ári til að auka framboð af heitu vatni á veitusvæði Hitaveitunnar. Veitusvæðið er víðfemt og lagnaleiðir langar og mikil landhækkun er frá borholum að helstu veitusvæðum sem gerir rekstur dýran vegna mikils dælukostnaðar. Hitaveitur á landinu hafa almennt ekki haft bolmagn til að leita að nýjum vinnslusvæðum og tekjur af sölu vatns ekki staðið undir rannsóknum og borunum. Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps skilaði stöðugu

¹ [Nr. 947/2015](#)



tapi til ársins 2020 en rekstur veitunnar hefur batnað síðan þá. Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps stefnir á borun nýrrar vinnsluholu á árinu 2024 ásamt virkjun holunnar í lok árs 2024. Ljóst er að kostnaður við slíka framkvæmd hleypur á mörgum tugum milljóna.

Undirritaður leggur til að gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps hækki um 10% fyrir notkun á hemli, mæli og mælagjaldi. Ekki verði hækkun á tengigjöldum.

Verðskrá:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Fyrir sumarbústaði, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mín. Hemlagjald fyrir hvern mínútulíttra er kr. 3.674.

B. Rúmmetragjald skv. mæli:

Fyrir almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 166,90.

Fyrir sumarbústað sem er með mæli og greitt er skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða fyrir minna en 3,0 l/mínútu eða kr. 11.022 á mánuði, sbr. A-lið.

Mælagjald á mánuði:

B1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.672 kr.

B2 Stærð mælis/hemils DN 20 2.391 kr.

B3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.954 kr.

B4 Stærð mælis/hemils DN 32 3.524 kr.

B5 Stærð mælis/hemils DN 40 4.092 kr.

B6 Stærð mælis/hemils DN 50 5.600 kr.

C. Stofngjöld:

Í þéttbýli sér sveitarfélagið um frágang heimæða að mæli.

C1 Íbúðarhús allt að 300 m³ og gróðurhús allt að 200 m³ kr. 811.647

Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða 309 kr./m³

C2 Vélageymslur og gripahús allt að 300 m³ kr. 471.809

Fyrir hvern rúmmetra fermetra þar yfir skal greiða 309 kr./m³

C3 Fyrir sumarhús

Stofngjald fyrir húsveitu kr. 811.647

C4 Gjald fyrir auka mælagrind kr. 121.126

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 6.077 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.



D. Önnur gjöld:

Lokunargjald kr. 22.757

Aukaálestur kr. 10.709

*Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði
kr. 18.566 án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.*

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli

Ragnar Guðmundsson

Umsjónarmaður framkvæmda- og veitna